

Sp. 826. Tillaga til þingsályktunar [336. mál]

um rétt fráskilinna til makalífeyris.

Flm.: Oddur Ólafsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að stuðla að því, að í laga- eða reglugerðargreinar lífeyrissjóða, þar sem fjallað er um rétt til makalífeyris, verði bætt neðangreindu ákvæði, sé slíkt ekki þegar fyrir hendi:

Þegar sjóðfélagi deyr, sem verið hefur tvígiftur, og lætur eftir sig tvo maka á lífi, skiptist makalífeyririnn milli þeirra í beinu hlutfalli við þann tíma, sem hvor þeirra hefur verið giftur hinum látna sjóðsfélaga á þeim tíma, er hann ávann sér lífeyrisréttindi og/eða naut lífeyris úr sjóðnum. Ef annar hinna eftirlifandi maka giftist að nýju, fellur allur lífeyririnn til hins, en skiptist aftur, sé því hjónabandi slitið, enda veiti seinna hjónabandið ekki rétt til lífeyris úr sjóðnum eða öðrum hliðstæðum sjóði.

Hliðstæð regla gildir, séu réttahafar makalífeyris fleiri en tveir.

Greinargerð.

Það er skoðun flutningsmanns, að sá hluti launa, sem notaður er til kaupa á lífeyrisréttindum, sé sameign hjóna og þess vegna sé það eðlilegt og sjálfsagt, að maki fái sinn hlut, er til greiðslu lífeyris kemur, enda þó hjónabandi hafi verið slitið fyrir dauða maka.

Þetta ákvæði er nú þegar í lögum og reglum margra lífeyrissjóða.

Mjög æskilegt er, að samræmi sé varðandi þetta ákvæði.